

Nr. 126

22. desember 2012

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 141. löggjafarþings, frá 21. desember 2012 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 14. janúar 2013.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir. **Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.** **Markús Sigurbjörnsson.**
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 22. desember 2012 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskráinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 141. löggjafarþings, frestað hinn 22. desember 2012.

Forsætisráðuneytinu, 22. desember 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 28. desember 2012